

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
6. fundur
haldinn að Lyngási, 5. desember 2007

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson og Þórhallur Þorsteinsson í síma, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir og Skúli Björn Gunnarsson. Skarphéðinn G. Þórisson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda svæðisstjórnar
2. Formaður gerir grein fyrir síðasta fundi stjórnar
3. Staðsetning landvarðastöðva og upplýsingamiðstöðva
4. Aðkoma einkaaðila að þjóðgarðinum
5. Kynningarmál
6. Ráðning framkvæmdastjóra
7. Önnur mál

Björn Ármann stýrði fundi og setti fund kl. 20.04. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda svæðisstjórnar

Samþykktar fundargerðir 4. og 5. fundar.

2. Formaður gerir grein fyrir síðasta fundi stjórnar

Formaður gerði grein fyrir því sem fram fór á síðasta fundi stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs sem haldinn var 16. nóvember. Meðal annars sagði hann frá framgangi samningamála og reglugerðarvinnu. Markmiðið er að vinna við reglugerðina ljúki í mars og munu svæðisráðin koma að henni á nýju ári.

Hann greindi frá því að vel hefði verið tekið í hugmyndir sem komu frá svæðisráði Austursvæðis um að vinna við verndaráætlanir yrði beint til náttúrustofa á svæðunum. Þá sagði formaður frá umræðu um staðsetningu gestastofa á hverju svæði og ræddi lítillega um dómnefndarmál vegna hönnunar á þeim og samkeppni um merki fyrir þjóðgarðinn.

3. Staðsetning landvarðastöðvar og upplýsingamiðstöðva

Formaður greindi frá því að stjórn hefði gefið svæðisráðunum færi á að yfirfara staðsetningar landvarðastöðva og upplýsingamiðstöðva á sínum svæðum. Rætt var um þær hugmyndir sem settar hafa verið fram um staðsetningu þeirra á austursvæði. Fundarmenn voru einhuga um að standa við þær tillögur sem þegar hafa verið gerðar um landvarðastöðvar við Snæfell, í Kverkfjöllum og Hvannalindum og upplýsingamiðstöðvar á Aðalbóli og í Möðrudal.

Þórhallur gerði stuttlega grein fyrir fundum sem ferðafélagsfólk allt í kringum jökulinn hafa átt um landvarðastöðvarnar og fund með starfsmanni þjóðgarðsstjórnarinnar. Fundarmenn voru sammála um að eðlilegast væri að gera þjónustusamninga um landvarðastöðvarnar og landvörslu við þau félög sem eiga skálana en í þeim þurfi að

skilgreina vel hlutverk og skyldur og hvaða vald þjóðgarðsverðir hafa gagnvart landvörðunum.

4. Aðkoma einkaaðila að þjóðgarðinum

Formaður sagði að tímabært væri að huga að þessum þætti svo að menn væru undir það búnir að taka skipulega á þeim málum þegar þar að kæmi.

5. Kynningarmál

Formaður sagði lítið hafa gerst í því frá síðasta fundi en hann ætti þó að koma inn á fund hjá dreifbýlis- og hálendisnefnd Fljótsdalshéraðs nk. mánudag og kynna málið. Fundarmenn voru á því að úr þessu næðist lítið af fundum með hagsmunaðilum fyrir jól en allir sammála um að taka þau föstum tókum í janúar.

6. Ráðning framkvæmdastjóra

Formaður greindi frá umræðu um ráðningu framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs á síðasta stjórnarfundum. Fundarmenn einhuga um að standa við bókun sína frá síðasta fundi.

7. Önnur mál

a) Kynding gestastofa

Skúli Björn og Björn Ármann báðu formann um að koma því til skila að tekið yrði tillit til þess í gögnum varðandi hönnun á gestastofum að þær yrðu kyntar með umhverfisvænum hætti á hverju svæði, t.d. mætti nýta viðarkurl á Skriðuklaustri.

b) Næsti fundur

Rætt um að halda næsta fund eigi síðar en daginn fyrir næsta stjórnarfund sem er áætlaður um 20. janúar en stefna á fund í annarri viku janúar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.50

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson